



Ættleiðingar milli landa

Nýlega er lokið árlegum fundi evrópskra ættleiðingaryfirvalda um ættleiðingar milli landa. Að þessu sinni var fundurinn haldinn í Vilnius og sóttu hann fulltrúar 18 ríkja, þ. á m. allra Norðurlanda. Fyrir Íslands hönd sátu fundinn þær Jóhanna Gunnarsdóttir, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og Áslaug Þórarinsdóttir, sýslumaður í Búðardal. Rætt var um margvísleg málefni sem snerta ættleiðingar milli landa og meðal þess sem kom fram var að alls staðar virðist fjöldi umsækjenda um ættleiðingu mun meiri en fjöldi ættleiðanlegra barna.

Sá sem býr hér á landi og vill ættleiða barn frá öðru ríki verður að fá sérstakt forsamþykki til þess frá stjórnvöldum. Sýslumaðurinn í Búðardal tók við útgáfu slíkra forsamþykkja 1. janúar sl. af dómsmálaráðuneytinu en ráðuneytið hefur eftir sem áður yfirumsjón með málaflokknum.

Fjallað er um ættleiðingar milli landa í [ættleiðingalögum](#) og [reglugerð um ættleiðingar](#). Ekki verður hér með tæmandi hætti gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem væntanlegir

kjörforeldrar verða að uppfylla til þess að fá útgefið forsamþykki en helstu kröfur sem íslensk stjórnvöld gera eru að þeir séu á aldrinum 25-45 ára og líkamlega og andlega heilsuhaustir. Þeir mega því ekki vera haldnir sjúkdómi eða þannig á sig komnir að það dragi úr lífslíkum þeirra á þeim tíma þar til barn verður sjálfráða, eða minnki möguleika þeirra til að annast vel um barn. Þá verður samfelld sambúð hjóna að hafa varað í minnst þrjú ár og efnahagur þeirra skal vera traustur. Þá mega væntanlegir kjörforeldrar ekki

hafa hlotið refsídóm sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að veita barni gott uppeldi.

Þegar kemur að ættleiðingum milli landa er ekki aðeins til íslenskra laga að líta því Ísland er aðili að tveimur mikilvægum alþjóðasamningum sem snerta ættleiðingar. Annars vegar samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1989 (Barnasáttmálanum) og hins vegar samningi um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa sem gerður var í Haag 1993 (Haagsamningnum).

Með aðild sinni hefur Ísland skuldbundið sig til þess að gæta þeirra meginreglna sem samningarnir hafa að geyma við meðferð og úrlausn ættleiðingarmála.

Barnasáttmáli Sp

Ísland er eitt 193 ríkja sem eiga aðild að Barnasáttmálanum. Sáttmálinn hefur að geyma ýmsar grundvallarreglur um margvísleg réttindi barnsins – m.a. ættleiðingar. Í Barnasáttmálanum segir að barn sem ekki nýtur fjölskyldu sinnar eigi rétt á sérstakri vernd og aðstoð og að ríki skuli sjá barni í slíkri stöðu fyrir annarri umönnun, t.d. fósturi eða ættleiðingu. Þegar um ættleiðingu er að ræða skuli tryggja að fyrst og fremst sé lítið til þess sem barni er fyrir bestu. Ríkjum beri að viðurkenna að ættleiðing milli landa geti aðeins komið til álita að ekki sé unnt að koma barninu í fóstur eða til ættleiðingar eða veita því með einhverjum viðeigandi hætti umönnun í upprunalandi sínu. Þá ber aðildarríkjunum að sjá til þess að ættleiðing barns sé aðeins heimiluð af þar til bærum stjórnvöldum sem verða að ákveða hvort ættleiðing sé leyfileg með hliðsjón af stöðu barnsins gagnvart foreldrum þess, skyldmönnum og lögráðamönnum. Tryggja verður að þeir sem í hlut eiga hafi veitt samþykki sitt fyrir ættleiðingu, að íhuguðu máli og að fenginni nauðsynlegri ráðgjöf. Einnig verður að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ættleiðing milli landa hafi ekki í för með sér óeðlilegan fjárgróða fyrir þá sem hlut eiga að henni.

Haagsamningurinn

Í Barnasáttmálanum segir að ríki eigi að stuðla að því að koma á samningum sín á milli og leitast þannig við að tryggja að þar til bær stjórnvöld eða stofnanir sjái um að koma barni fyrir í öðru landi og er Haagsamningurinn slíkur samningur. Aðildarríki Haagsamningsins eru orðin 74 og eru það bæði svokölluð upprunaríki og viðtökuríki,

Framhald á bls. 2



þ.e. lönd sem láta börn frá sér til ættleiðingar og lönd sem taka að sér börn til ættleiðingar. Í samningnum er út frá því gengið að æskilegast sé að barn vaxi úr grasi innan fjölskyldu og við hamingju, ástúð og skilning. Þá eigi að leggja áherslu á að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að barn geti notið umsjár upprunalegrar fjölskyldu sinnar. Ættleiðing geti á hinn bóginn komið til greina ef barn nýtur ekki umsjár upprunalegrar fjölskyldu sinnar en þá skuli leitast við að finna barni fjölskyldu í upprunalandinu. Aðeins ef barn á ekki kost á hentugri fjölskyldu í upprunalandi sínu geti ættleiðing milli landa komið til greina. Haagsamningnum er ætlað að tryggja að við ættleiðingu milli landa séu grundvallarréttindi barnsins virt og honum er ætlað að koma í veg fyrir brottám barna og verslun með þau – en slíkt þekkest því miður.

Hér á landi, eins og á hinum Norðurlöndunum, hafa löggilt ættleiðingarfélag milligöngu um ættleiðingar á börnum milli landa en aðeins eitt slíkt félag er starfandi hér á landi, Íslensk ættleiðing. Haagsamningurinn gengur út frá að slík félag starfi og að það sé liður í að tryggja velferð barns í tengslum við ættleiðinguna. Þannig sé stuðlað að því að ættleiðingin fari fram í samræmi við lög beggja ríkja og alþjóðlegar skuldbindingar og í samvinnu viðeigandi stofnana beggja ríkja.

Öll samningsríki þurfa að tilnefna svokallað miðstjórnvald sem hefur ákveðnar skyldur samkvæmt samningnum. Hér á landi hefur dómsmálaráðherra yfirumsjón með framkvæmd Haagsamningsins og tekst á hendur vegna íslenska ríkisins þau verkefni og skuldbindingar sem hvíla á miðstjórnvaldinu samkvæmt samningnum.

Verndarúrræði

Eins og sjá má af því sem segir hér að framan þá er ættleiðing í eðli sínu verndarúrræði fyrir barn. Ættleiðing er leið til að tryggja barni, sem ekki á fjölskyldu sem getur annast það, möguleika á að fá að alast upp hjá fjölskyldu sem hefur aðstæður til að búa því gott atlati. Ef slík fjölskylda finnst ekki í upprunalandinu kemur ættleiðing milli landa til greina.

Það eru því fyrst og síðast aðstæður í upprunarákinu og þarfir barnsins sem skipta máli þegar kemur að ættleiðingum milli landa en ekki þarfir og langanir væntanlegra kjörforeldra því markmiðið með ættleiðingu er fyrst og fremst að finna fjölskyldu handa barni sem þarfnast fjölskyldu. Upprunaríkið fær sendar upplýsingar frá viðtökuríkinu um væntanlega kjörforeldra sem þar hafa verið teknar saman um aðstæður og hæfni þeirra og upprunaríkið velur svo fjölskyldu fyrir barnið sem í hlut á. Upplýsingar um barnið eru síðan sendar viðtökuríkinu (hinu löggilta ættleiðingarfélagi) og í kjölfarið geta væntanlegir kjörforeldrar ákveðið hvort þeir vilja taka barnið til ættleiðingar. Samkvæmt Haagsamningnum þurfa yfirvöld viðtökuríkisins að samþykkja að ættleiðingarferlið megi halda áfram.



Með ættleiðingu eru yfirvöld að taka afdrifaríkar ákvarðanir sem varða barn og fela í sér ráðstöfun á lífi þess og réttarstöðu til frambúðar.

Upprunaríki, ekki síður en viðtökuríkin, setja reglur um hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt til þess að ættleiðing milli landa geti komið til greina og jafnframt reglur um hæfi væntanlegra kjörforeldra. Oft fara reglur upprunaríkis og viðtökuríkis saman en stundum skarast þær. Samkvæmt íslenskum lögum geta einhleypir verið ættleiðendur en ekki heimila öll upprunaríki ættleiðingar til einhleyptra. Samkvæmt íslenskum lögum geta einstaklingar í staðfestri samvist verið ættleiðendur en á nýafstöðnum fundi evrópskra miðstjórnvalda, sem vikið var að í inngangi, kom fram að engu ríkjanna sem fundinn sótti var kunnugt um upprunaríki sem heimilaði samkynhneigðu pari, búsettu utan upprunaríkisins, að ættleiða barn saman. Flest upprunaríki og viðtökuríki hafa ákveðnar reglur um hámarksaldur væntanlegra kjörforeldra eða reglur um hámarksaldursmun umsækjenda og væntanlegs kjörbarns og er algennt að miðað sé við 45 ár í þessu sambandi.

Hertar kröfur

Fyrr á þessu ári kynntu kínversk stjórnvöld nýjar reglur um hæfi og aðstæður væntanlegra kjörforeldra. Þær eru tilkomnar vegna þess að umsöknum um ættleiðing á börnum frá Kína hefur fjölgað mjög, ekki aðeins frá Íslandi heldur öðrum ríkjum sem eru í samstarfi með Kína. Eftirspurn eftir börnum frá Kína er mun meiri en framboð ef svo má að orði komast og er brugðist við með því að herða kröfurnar til umsækjenda. Það er aðeins sá hópur umsækjenda sem kínversk yfirvöld telja æskilegastan til þess að taka að sér kínverskt barn til ættleiðingar sem getur vænt þess að fá barn. Þar sem svo mikill fjöldi hjóna undir 45 ára aldri hvaðanæva að uppfyllir skilyrði til ættleiðingar geta einhleypir t.d. ekki lengur vænt þess að fá börn frá Kína.

Bestu aðstæður

En af hverju eru gerðar strangar kröfur til væntanlegra kjörforeldra í uppruna- og viðtökuríkjunum? Af hverju þykir æskilegast að umsækjendur séu á tilteknum aldri og í hjúskap? Af hverju þurfa báðir að vera líkamlega og andlega heilsuhraustir? Ekki er spurt að þessum þáttum þegar börn fæðast inn í fjölskyldu. Því er til að svara að aðstæður eru gerólíkar þegar um ættleiðingu er að ræða þar sem með ættleiðingu eru yfirvöld að taka afdrifaríkar ákvarðanir sem varða barn og fela í sér ráðstöfun á lífi þess og réttarstöðu til frambúðar. Í slíkum tilvikum verður að gera þá kröfu að reynt sé að tryggja að barni séu búar bestu hugsanlegu aðstæður.

Umönnun barna sem ættleidd eru erlendis frá er ólík umönnun annarra barna að því leyti að um er að ræða börn sem hafa orðið fyrir missi eða áfalli sem getur haft djúpstæð áhrif á þau. Þau hafa oftast dvalið á stofnunum til lengri eða skemmri tíma, sem getur sett mark sitt á þroska þeirra og hæfni til samskipta og tengslamyndunar við annað fólk. Ættleidd börn geta upplifað mikla sorg og höfnunartilfinningar sem þarf að hjálpa þeim að takast á við í uppvexti þeirra og því verður að gera þær kröfur til væntanlegra kjörforeldra að þeir hafi hæfni til að takast á við þau vandamál sem upp kunna að koma við uppeldi barnsins. Horfa verður til framtíðar, 15 til 20 ár, en ekki aðeins á fyrstu árin eftir ættleiðinguna enda geta unglingsárin ekki síst reynst ættleiddum börnum erfið. Jafnframt verður að hafa í huga að hið ættleidda barn myndar að sjálfsgöðu tengsl við báða foreldra sína og báðir verða að vera hæfir til að takast á við hið krefjandi verkefni sem umönnun ættleidds barn er.

Áður er þess getið að í Barnasáttmálanum komi fram að ríki verði að ganga úr skugga um að ættleiðing sé leyfileg með hliðsjón af stöðu barnsins. Jafnvel þótt mörg börn búi vissulega við slæmar aðstæður í heimalandi sínu, fátækt og aðra erfiðleika þá eru skilyrði fyrir ættleiðingu milli landa ekki endilega fyrir hendi. Ef samþykki foreldra fyrir ættleiðingu liggur ekki fyrir, þegar þess er krafist, eða ef vafi leikur á hvort barn er munaðarlaust, eða ef ekki er útséð með að finna megi barninu fjölskyldu í upprunalandinu kemur ættleiðing til annars lands varla til greina.

Öflugt samstarf

Aðildarríki Haagsamningsins koma saman á fjögurra ára fresti í Haag (stundum oftast) til þess að ræða um framkvæmd samningsins og tekur Ísland þátt í því samstarfi. Ísland tekur líka þátt í samstarfi evrópskra miðstjórnvalda svo sem fram hefur komið. Þá hafa Norðurlöndin með sér samstarf í þessum málaflokki. Á árlegum fundum landanna hefur komið fram að hvarvetna er verið að fást við samskonar spurningar og úrlausnarefni, s.s. að umsækjendur um ættleiðingu eru fleiri en fjöldi ættleiddanlegra barna. Þess vegna er biðtími væntanlegra kjörforeldra oft langur – ekki aðeins hér á landi heldur einnig annars staðar.